

**Sp. 117. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]**

um samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Flm.: Tómas Árnason, Gunnar G. Schram, Geir Gunnarsson,  
Eiður Guðnason, Guðrún Agnarsdóttir, Stefán Benediktsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn og aðilum vinnumarkaðarins að gera samanburð á launakjörum og lífskjörum launafólks á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum.

Niðurstöður verði birtar opinberlega.

Kostnaður af athugun þessari verði greiddur úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Í almennum umræðum um kjaramál er oft gerður samanburður á lífskjörum launafólks hér á landi og í öðrum löndum. Oft er slíkur samanburður hvergi nærri einhlítur og ályktanir, sem dregnar eru af slíkum samanburði, geta orkað tvímælis.

Með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu og framkvæmd hennar stæðu vonir til að hlutlægur samanburður yrði gerður. Að ýmsu leyti er nærtækt að bera Íslendinga saman við aðrar Norðurlandþjóðir. Þjóðfélagsgerð þessara ríkja er á margan hátt lík þótt bæði neysluvenjur og lífsvenjur þeirra séu að ýmsu leyti ólíkar. Þess vegna eru upplýsingar e. t. v. sambærilegri en hjá ýmsum öðrum þjóðum. Auk staðhátta er íslenskt þjóðfélag þó yfirleitt einhæfara og því hættara við snöggum sveiflum í efnahags- og atvinnumálum. Þess vegna væri samanburður e. t. v. eðlilegri við Norður-Noreg, norðurhérað Svíþjóðar og Finnland. Ljóst er að Norðurlandabúar búa við ein bestu lífskjör í veröldinni. Það er því bæði fróðlegt og gagnlegt að athuga hvernig launafólk á Íslandi er á vegi statt miðað við aðrar þjóðir Norðurlanda.

Það kemur ekki fram í texta ályktunarinnar við hvaða tímamörk þessi athugun skuli miðuð. Eðlilegast gæti verið að miða við seinustu fimm til tíu árin. Hjá því verður aldrei komist að árferði kann að vera hagstæðara í einu landi en öðru á tilteknu tímabili. Einnig er gengi á einstökum árum e. t. v. ekki marktækt. Þegar af þeirri ástæðu verður svona samanburður fyrir einstök ár aldrei einhlítur.

Það eru margir þættir þessa máls sem þörf væri að skoða nánara. Fyrst er að nefna samanburð á þjóðartekjum á mann, þá hlutfall launa af þjóðartekjum og hlut launafólks í hreinum þjóðartekjum og þjóðarframléiðslu. Við slíkan samanburð þarf að athuga og bera saman, ef unnt er, tekjur af eigin atvinnurekstri, þ. e. a. s. aðrar atvinnutekjur en laun sem launamenn bera úr bótum. Fróðlegur er og samanburður á hlutfalli neyslu, einkaneyslu og samneyslu, og fjármunamyndun. Þá þarf að bera saman hve lengi launafólk er að vinna fyrir launum sínum, þ. e. vinnutíma og orlof, svo og hlunnindi sem ekki teljast til beinna peningalauna. Í þessu sambandi þarf og vel að huga að mismunandi neyslumynstrum í ýmsum löndum og mismunandi skattkerfum. Atvinnuöryggi er einn allra þýðingarmesti þáttur velferðarþjóðfélags. Skattar hafa afgerandi áhrif á tekjur og lífskjör og því eðlilegt að bera þá saman, m. a. hlutfall beinna skatta og þjóðarframléiðslu og hlutfall beinna skatta heimilanna og brúttótekjur þeirra miðað við greiðsluár.

Þá er og ýmislegt í nútímaþjóðfélagi sem fróðlegt er að gera samanburð á og gefur vísbendingar um hvernig lífskjörin eru raunverulega. Nefna má stærð íbúðarhúsnæðis, bílafjölda, sjónvarp, myndbönd, síma og e. t. v. fleiri ábendingar um lífskjör.